

1. bekkur Glerárskóla

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslurættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang:**

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar>

Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 1. bekk eru 30.

Skólabyrjun er mikilvægt skref í lífi hvers einstaklings og við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með skólagöngu barna ykkar. Þið eruð alltaf velkomin í skólann. Umsjónarkennarar sjá um kennslu flestra námsgreina.

Umsjónarkennari í 1. bekk er: Hólmfríður Guðnadóttir.

Heimavinna

Gert er ráð fyrir að börnin lesi heima á hverjum degi. Með heimalestrarbókum fylgja bækur sem kvitta skal í og eru í plastmöppu. Önnur heimavinna á að vera í teygjumöppu. Nemendur fá möppuna með heimavinnu vikunnar á föstudögum/mánudögum og eiga að skila möppunni viku síðar eða á föstudögum. Heimanám hefst í byrjun september og lýkur í byrjun maí nema heimalesturinn sem er út skólaárið.

Heimavinna er fyrst og fremst til þess að æfa nemendur í atriðum sem hafa verið kennd í skólanum og til þess að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna. Ekki er ætlunin að heimavinnan sé nokkrum ofviða og eru forráðamenn hvattir til að hafa samband við kennara ef svo er. Heimalesturinn er aðalatriðið í heimanámi, bæði lestur fyrir börnin og markviss lestrarþjálfun við hæfi hvers barns.

Námsmat

Hæfnikort eru grundvöllur fyrir námsmat. Inn í hæfnikortum eru viðmið sem unnið er út frá. Með þeim fá kennarar/nemendur skýrar leiðbeiningar um hvað á að meta og hvernig á að meta hæfni nemenda miðað við þau hæfniviðmið sem sett eru. Hæfnikort inniheldur öll þau viðmið sem á að meta fyrir hverja námsgrein fyrir sig á einum stað þannig að hæfnikort nemenda eru hæfniviðmið skólans. Kennarinn skipuleggur kennslu út frá hæfnikortum og metur hvar nemandi er staddur. Um er að ræða fjölbreytilegt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Greinandi mat er fyrst og fremst til að greina sértækan námsvanda svo sem Lesskimun fyrir 1. bekk. Leiðsagnarmat/leiðsagnarnám er til að fylgjast með og sjá stöðu nemenda meðan á námi stendur þ.e. það ferli að afla upplýsinga um hvar nemandi er staddur í námi sínu og túlka þær. Til þess eru notuð m.a. lesfímipróf.

Íslenska

Talað mál, hlustun, lestur, bókmenntir, ritun

Unnið er út frá kennsluáðferðinni Byrjendalæsi. Byrjendalæsi er nálgun eða aðferð í lestrarkennslu í fyrstu bekkjum grunnskólans og er hún samvirk kennsluáðferð. Hún byggir á

heildstæðri nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Unnið er með tal, hlustun, lestur, framsögn og ritun í einni heild.

Lestur:

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Vegna þessa er mikilvægt að foreldrar og þeir sem annast börn séu meðvitaðir um mikilvægi lestrarnámsins og nái að skapa örvandi umhverfi varðandi mál, lestur og ritun. Það skiptir miklu fyrir börn að sjá foreldra sína lesa og að lestur sé hluti af daglegu heimilislífi. Ef fjölbreytt lesefni er sýnilegt á heimili og börn sjá foreldra taka sér lesefni í hönd hefur það áhrif. Jafnframt er afar mikilvægt að börn lesi í fríum því ef börn lesa ekki yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við um börn sem stríða við lestrarörðugleika en það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu færni eftir löng frí.

Í Glerárskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima á hverjum degi í a.m.k. 15 mínútur, fimm sinnum í viku undir handleiðslu fullorðinna sem kvitta fyrir lesturinn í þar til gerða bók. Gott er að hafa reglu á heimalestrinum þannig að lesturinn verði hluti af daglegum venjum og að skapa frið og ró í kringum lestrar stundina.

Ritun (rituð frásögn, skrift og stafsetning)

Skrift er metin með því að athuga reglulega hvernig nemandi dregur til stafs. Skoðuð eru sýnishorn og metnar framfarir í formlegum skriftar verkefnum og í frjálstri ritun.

Frásögn og málnotkun er metin með því að fylgjast með frammistöðu nemenda í fjölbreyttum verkefnum þar sem reynir á notkun á einföldum málfræðiatríðum og vald á tungumálinu.

Námsefni: Lestrarlandið 1 og 2. Lestarbækur við hæfi hvers og eins. Stóra sögubókin mín. Skriftarverkefni frá kennara, Orðasafnið mitt, ýmis verkefni frá kennara.

Námsmat: Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem staða nemanda er birt á hæfnikorti.

Gerð er námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það.

Stærðfræði

Nemendur vinna með stærðfræði á sem fjölbreyttastan hátt. Kennt er eftir aðferðum Zankov stærðfræði - sem nefnist á íslensku Neisti. Kennslan einkennist af athugunum, greiningu og rökrænni hugsun. Að finna svar er ekki það eina sem máli skipti heldur að skilja hvað liggur að baki dæmunum. Nemendurnir eiga að geta útskýrt aðferðir sínar og fært rök fyrir vali þeirra. Þessi leið í stærðfræðikennslu snýst því meira um að leysa verkefni en að æfa aðferðir. Við vinnum með flokkun, stærðir, form, mælingar, pörun, talningu, talnalínu, mynstur og staðsetningarhugtök. Við leggjum áherslu á að börnin læri tölutáknin 0 – 100 og skilji hugtökin eining, tugur, venslatákn, fleiri og færri svo eitthvað sé nefnt. Unnið er munnlega með orðadæmi til þess að efla talnaskilning og fá börnin til þess að leita eigin lausna við verkefni.

Við notum ýmis hjálpargögn við kennsluna, m.a. talnagrindur, kubba, tússtöflur, liti og vasareikni.

Helsta námsefni: Neisti 1a og 1b (Zankov) er grunnurinn sem notaður er í stærðfræði í 1. bekk. Mikið er kennt upp á töflu og samræður eru stór partur af náminu. Sproti 1A og 1B (nemendahefti) eru notaðar sem uppbótar efni ásamt Stærðfræði Spæjurum 1, Í undirdjúpunum – samlagning, ýmis talnahefti (ljósrit), heimaverkefni.

Námsmat: Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat þar sem staða nemanda er birt á hæfnikorti.

Gerð er námslota/námslotur þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytilegt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

Náttúrufræði/Samfélagsfræði

Samþætting við Byrjendalæsi þar sem fjallað er um umhverfi í víðu samhengi, bæði manngert og náttúrulegt. Við leggjum áherslu á að börnin þekki heimabyggð sína Eyjafjörðinn og nokkrar sögur tengdar honum. Lagður er grunnur að skilningi á hugtökum í náttúru og umhverfi. Útikennsla er liður í náttúrufræðinni þar sem börnin skoða nánasta umhverfi sitt og gera einfaldar athuganir á því. Við fjöllum um algengustu húsdýrin á Íslandi og algengustu fugla í umhverfi barnanna. Við fjöllum um árstíðabreytingar og fylgjumst með veðurfari í ákveðinn tíma. Fengist er við verkefni sem tengjast barninu, uppruna þess og fjölskyldu. Lögð er áhersla á hollustu og hollt mataræði, að nemendur umgangist náttúruna af virðingu og geti flokkað daglegt rusl.

Námsefni: Skólabókin mín. Að lokinni stafainnlögn byrjum við á bókinni Halló heimur 1. Að vori hafa sem dæmi bækurnar: Ánamaðkar, Köngulær og Ada og afmælisgjöfin (er um íslensk blóm) nýst vel í útikennslu. Einnig annað efni frá kennara.

Siðfræði og trúarbragðafræði

Helstu áhersluatriði: Að börnin temji sér samskiptareglur sem byggja á kærleik og sáttfýsi. Þetta gerum við m.a. með því að lesa fyrir börnin sögur sem gefa tilefni til umfjöllunar um þessi atriði. Börnin fræðast um helstu hátíðisdaga kirkjuársins. Komið er inn á fjölmenningu og ólík trúarbrögð. Söngur og leikræn tjáning er þáttur í kennslunni.

Lífsleikni

Mikil áhersla, í tengslum við Jákvæðan aga, er lögð á að efla tilfinningaþroska og samskiptahæfni nemenda. Í fyrstu er lögð áhersla á að vinna með upplifun nemandans við skólabyrjun. Skólinn er skoðaður og allt umhverfi hans til þess að nemandinn finni sig öruggan á þessum nýja vinnustað sínum. Í því sambandi má nefna mikilvægi reglna (sáttmála), að nemendur átti sig á þeim og verði þjálfuð í að fara eftir þeim reglum sem gilda í skólastarfinu. Einnig að nemendur geti tjáð sig um líðan sína við starfsfólk skólans og skólasystkin og geti tjáð sig um helstu hugðarefni sín og sagt frá atburðum. Áhersla er lögð á umræður um tilfinningar og að börnin átti sig á mismunandi tilfinningum. Nemendur fá þjálfun í að setja sig í spor annarra. Jafnframt er unnið með hópinn sem heild með það að markmiði að skapa gott andrúmsloft og góða bekkjarheild. Lögð er áhersla á að nemendur njóti sín í leik og starfi í skólanum, kunni að gleðjast og meta það umhverfi sem þau lifa í. Mikilvægt er að nemendur læri að varast hættur í umhverfinu. Umferðarfræðsla er hluti af lífsleikni. Námsgreinin lífsleikni tengist flestum þeim námsgreinum sem börnin fást við en ákveðið námsefni liggur þó til grundvallar lífsleiknikennslu sem kennari fylgir eftir í daglegu starfi með nemendum. Kennslan byggist fyrst og fremst á umræðum, hlutverkaleikjum og verklegri þjálfun. Bekkjarfundir eru fastir liðir í skólastarfinu.

Námsefni: Verkefni sem tengjast jákvæðum aga. Samgöngustofa.is – fræðsla. Umferðarvefurinn. Umferd.is/kennarar, Umferd.is/nemendur.

Upplýsingamennt - tölvunotkun

Helstu áhersluatriði: Að nemendur komi reglulega á bókasafn skólans og læri að finna sér bækur við hæfi. Lögð er áhersla á að nemendur læri góða meðferð bóka og annarra gagna af bókasafni. Þau læra ákveðnar umgengnisreglur varðandi tölvur/spjaldtölvur skólans og nota kennsluforrit við hæfi.

Námsefni: gyldendal.no (stærðfræði æfingar), ýmis forrit af mms.is, ásamt ýmsum öðrum öppum og smáforritum.

Enska

Kennslan byggist mest á söng og hreyfingum. Hreyfingar eiga að endurspeglar innihald texta þannig að nemendur átti sig á þýðingu orðanna. Unnið verður fyrst með lög sem nemendur kunna á íslensku, með litina, tölurnar og jólasöngva þegar þar að kemur.

Námsefni: Unnið er með lög á youtube, Steve and Maggie, Binka the cat, stuttar teiknimyndir á youtube með einföldum orðaforða.

Myndmennt

Helstu áhersluatriði: Hugur - Hönd - Heilbrigði. Áhersla er lögð á að þjálfar huga og hönd til skapandi starfs. Nemendur teikna, mála og móta frjálst inn á milli ákveðinna verkefna. Þeir læra að nota fjölbreyttar aðferðir og efni til myndgerðar. Reynt er að gæta fjölbreytni í verkefnavali. Nemendur vinna sjálfstætt og taka jafnframt þátt í samstarfi. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, góða umgengni um efni og áhöld og frágang á vinnusvæði.

Námsefni og kennslugögn: Kennslugögn og námsefni er unnið upp úr ýmsum fræðum sem byggja m.a. á teikniþroska, skapandi hugmyndum, upplýsingatækni og kennslufræði myndlista. Reynt er að gæta fjölbreytni í viðfangsefnum til að gera námið áhugaverðara og við hæfi sem flestra.

Helstu kennsluáferðir: Stutt kynning við upphaf nýrra verkefna, sýnikennsla, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar, samvinna og umræður.

Námsmat: Leiðsagnarmat. Námsmatið er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem greind hafa verið í námsviðmið í þeim tilgangi að gera þau skilvirkari við mat tiltekinnar hæfni hjá nemendum. Aðallega er horft til vinnuferlis en að einhverju leyti tekið mið af afrakstri vinnunnar. Hæfniviðmið aðalnámskrár eru grunnur námsmats og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans á Mentor.

Kennari: Elsa María Guðmundsdóttir

Heimilisfræði

Helstu markmið: Að nemendur fái fyrstu kynni af eldhúsi, einföldum eldhúsáhöldum, þekki dl-mál, msk, og tesk, læri nöfn algengra fæðutegunda, kynnist því hverjar eru hollar og hverjar ekki. Læri um tannvernd og tannhirðu, geri sér grein fyrir hættum í eldhúsi, fyrstu kynni af umhverfisvernd og flokkun á sorpi og fl. Fái verklega þjálfun með aðstoð kennara og hjálpi til við uppþvott og frágang. Ætlast er til að í lok vetrar séu nemendur búnir að tileinka sér ákveðin vinnubrögð og fara eftir reglum sem gilda í heimilisfræði t.d. þvo sér strax um hendur og setja á sig svuntu og ganga af virðingu um kennslustofuna og allt það hráefni og áhöld sem þau eru að nota.

Skipulag kennslu/kennsluhættir: Nemendur fá þjálfun í samvinnu með því að vinna 2-3 saman í hópum, leitast er við að fá þau til að sýna tillitssemi, hjálpssemi og kurteisi við hvert annað sem er undirstaða góðrar samvinnu. Viðfangsefni eru í bakstri við að mæla í deig, hnoða og móta og kynnast einföldum eldhúsáhöldum og algengu hráefni en einnig er unnið með

grænmetis- og ávaxta flokka, við að þvo og skera grænmeti og ávexti. Notaðar eru myndrænar uppskriftir í kennslu fyrir 1. bekk. Unnið er í vinnubókunum þegar tími vinnst til **Námsefni og kennslugögn:** *Heimilisfræði fyrir byrjendur* (verkefnabók). Komdu og skoðaðu eldhúsið, ljósrituð blöð með myndrænum uppskriftum. Einföld eldhúsáhöld. Matvæli af ýmsum toga.

Námsmat: Unnið er út frá hæfnikorti nemenda í 1. bekk og metið samkvæmt því.

Leiðsagnarmat er notað til að sjá stöðuna hverju sinni á meðan á námi stendur. Vinnubók er metin.

Kennari: Umsjónarkennari

Smíðar

Helstu áhersluatriði: Áhersla er lögð á góða umgengni um efni og áhöld. Nemendur fást við ýmiskonar fönður s.s. vef, perlur og einfaldan saum.

Kennsluhættir: Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar.

Námsmat: Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hver nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

Kennari: Umsjónarkennari

Skólaíþróttir

Helstu áhersluatriði: Leikurinn er þungamiðja í kennslu á yngsta stigi. Skynhreyfileikir, hlutverkaleikir, hlaupaleikir og markvissar æfingar sem efla skynfæri líkamans og bæta gróf- og finhreyfingar. Helstu viðfangsefnin eru hlaup, hopp, kast og grip, spyrnur og jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. Kollhnísar og veltur, þol í hlaupi, gripstyrkur, bolstyrkur og stöðugleiki, samhæfing augna og handa/fóta með og án bolta.

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar æfingar og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Ekki er leyfilegt að vera í skóm í íþróttatímum.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason

Skólasund

Helstu áhersluatriði: Megináhersla á aðlögun að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök í skrið- og baksundi. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfipörf og félagsleg samskipti.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason